

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 3. TBL.

4. SEPTEMBER 2009

Evrópskur skólaandi svífur yfir Hvaleyrarskóla

27 evrópskir kennarar hafa verið við kennslu og skipulagningu á evrópsku Comeniusarverkefni í Hvaleyrarskóla í þessari viku. Verkefnið stendur yfir frá 2008 - 2010 og kallast CLIMATES, sem stendur fyrir **Creative Language-learning and Innovative Multicultural Activities Together in European Schools**.

Kennarar frá 11 Evrópuþjóðum taka þátt í verkefninu, þ.e. Ísland, Svíþjóð, Eistland, Lettland, Pólland, Rúmenía, England, Portúgal, Tyrkland, Spánn og Ítalía. Stjórnandi verkefnisins, Silvana Rampone kemur frá Ítalíu. Fulltrúar Hvaleyrarskóla eru Bjarnheiður J. Guðmundsdóttir, María I. Aðalsteinsdóttir og Sigurborg H. Sævaldsdóttir.

Markmið verkefnisins er að örva unga nemendur til að læra og skilja tungumál, siði og venjur annarra Evrópuþjóða. Verkefnið miðar að því að efla samskiptahæfni og samvinnu nemenda óháð búsetu og tungumáli ásamt því að auka umburðarlyndi gagnvart menningu annarra þjóða.

Viðfangsefnið er nálgast með hvatningu og skapandi aðferðum sem kallast CLIL, **Content Language and Integrated Learning** (enskan er kennd samhliða viðfangsefninu) og samvinnunámi (Cooperative Learning).

Sömu verkefni eru unnin í hverju landi fyrir sig og á

eigin vefsíðu þar sem verkefnum og hugmyndum er deilt á milli og kynnst löndum og þjóðum. Nemendur vinna svo með verkefni og sjá og heyrja tungumál samstarfsþjóðanna í gegnum veraldarvefinn (sjá slóð hér neðst).

Hluti af þessu Comeniusarverkefni eru kennaraskipti milli þjóðanna, *The Travelling Suitcase*, þar sem tækifæri gefast til þess að kynna land, þjóð og tungumál. Dagana 29. ágúst til 2. september var vinnufundur haldinn í Hvaleyrarskóla þar sem fulltrúar þjóðanna komu

saman og skipulögðu verkefni komandi skólaárs. Nemendur í yngri- og miðdeild skólans nutu einnig góðs af heimsókn erlendu kennarana.

Á döfni eru tvær heimsóknir á vegum Hvaleyrarskóla þar sem tveir kennarar fara héðan til Ítalíu og Spánnar í kennaraskipti.




VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://share.dschola.it/dd4pinerolo/climate/default.aspx>



FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» **Frá Námsgagnastofnun:** Ný útgáfa af kennslubókinni **Þjóðfélagsfræði** fyrir 10. bekk er væntanleg úr prentun fljótlega en hægt er að nálgast tvo fyrstu kafla bókarinnar á vef Námsgagnastofnunar meðan beðið er eftir bókinni. **EKKO** er ný kennslubók í dönsku í 10. bekk og við hana eru tilbúnar kennsluleiðbeiningar. **Sögur frá Íslandi** er nýr gagnvirkur vefur til að læra íslensku á þessari vefslóð: http://www.nams.is/sogur_fra_islandi/index.htm. Hann er einkum hugsaður fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á mið- og unglingsstigi. Honum er ætlað að efla orðforða og málvitund nemenda og fræða þá um land og þjóð. Hverri sögur fylgja nokkur gagnvirk verkefni og í kennaraefni eru viðbótarverkefni sem prenta má út að vild. Vefurinn hentar einnig öðrum nemendum sem hafa þörf fyrir að hlusta og lesa texta samtímis til að örva lestur og lestraráhuga. Vefurinn er þýðing á vefnum Iceland in English sem kom út hjá Námsgagnastofnun árið 2006 en markmið hans er að æfa nemendur á miðstigi í grunnskóla í ensku. Hljóðskrá af upplestri **Lygasögu**, léttlestrarbók eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur, er sömuleiðis komin á vef Námsgagnastofnunar og hægt að hlaða þar niður.



Myndirnar í Skólavefritinu í dag eru af evrópsku kennurunum sem heim-sóttu Hvaleyrarskóla í vikunni þar sem þeir voru að kenna ýmsum nemendum skólans.



Norræn jafnréttisráðstefna í Reykjavík

Mánudag 21. og þriðjudag 22. september verður haldin norræn ráðstefna um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu í skólum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar á Grand Hotel í Reykjavík. Á ráðstefnunni verða fyrir-myndarverkefni Norðurlandanna á sviði jafnréttisstarfs í skólum kynnt. Lögð verður áhersla á efni sem veitt getur innblástur til góðra verka í jafnréttismálum í bland við fræðileg erindi.

Ráðstefnan fer fram á skandinavísku og verður

túlkuð. Hún stendur frá kl. 18-21 á mánudeginum og frá kl. 9-17 á þriðjudeginum. Ráðstefnan er kjörin vettvangur fyrir skólafólk, foreldra, fræðimenn, stjórn-málamenn og alla þá sem vilja fræða og fræðast um jafnrétti í námi og starfi.

Ráðstefnan sem er öllum opin er kjörin vettvangur fyrir skólafólk, foreldra, fræðimenn, stjórn-málamenn og alla þá sem vilja fræða og fræðast um jafnrétti í námi og starfi.

Einnig gefst skólum, fél-agasamtökum og öðrum

sem áhuga hafa kostur á að kynna áhugavert efni og / eða starf á sviði jafnréttisfræðslu í skólum. Hægt er að bóka pláss hjá arnfridur@jafnretti.is. Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 14. september í gegnum neðangreindar vefslóðir.

Símenntun

Málþing um þjóðaráætlun um menntun til sjálfbærni

Umhverfisfræðsluráð og Landvernd boða til málþings um þjóðaráætlun um menntun til sjálfbærni. Málþingjð fer fram á Grand Hótel þriðjudaginn 15. september kl. 13:00 til 16:00. Þátttaka tilkynnist með tölvupósti á postur@umhverfisraduneyti.is. Aðgangur er ókeypis.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 11. september 2009

VEFSLÓÐ: <http://www.jafnrettiiskolum.is> og <http://formennska2009.jafnretti.is>

Nýr vefur fyrir íslenskukennslu

Leikum af list er vefsíða með vandað kennsluefni sem tengir saman íslensku, tal og hlustun, talað mál og framsögn, leiklist, lífsleikni, tónmennt og bókmenntir. Kennsluefni er hægt að nota á milli skólastiga þ.e.a.s. frá leikskóla upp í grunnskóla. Þar sem kennsluefnið tekur á tónmennt, leiklist, bókmenntum og íslensku



Leikum af list

ættu kennarar að geta notað það á fjölbreyttan hátt. Einnig er fjöldinn allur af leikritum fyrir öll stigin. Mikilvægt að auka framboð á efni sem tengist leiklist og leikrænu ferli en vefsíðan er hugsuð sem gullkista fyrir þá sem



Vefhornið

hafa áhuga á að nota leiklist í skólastarfi. Aðeins skráðir notendur geta skoðað efni hennar. Skráning er öllum opin og er án endurgjalds.

Textinn hér er ofar var sóttur á vefinn sjálfan.

Vefurinn var styrktur af Námsgagnasjóði.

